

Fundargerð 02.02.2015

Haldinn í Kaupþúni 1

Mættir voru : Arnar Tryggvason, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar J. Sveinsson, Þórgunnur E Pétursdóttir og Þórhallur Atlason

1. Afgreidd ein pörunarbeiðni sem lá fyrir fundinum.
2. Hvolpabæklingurinn er nær tilbúinn en stjórn hittist á sérstökum vinnufundi í janúar til að klára hann. Tilboð er komið í bæklinginn, þurfum bara að ganga frá styrk til að geta gefið hann út.
3. Ársfundurinn verður haldinn í Sólheimakoti 12 mars næstkomandi kl. 20:00. Þrjú sæti eru laus, það eru sæti Heiðars, Þórhalls og Guðbjargar. Heiðar og Þórhallur hafa hug á að gefa kost á sér til áframhaldandi setu en Guðbjörg mun hætta.
4. Allt er frágengið með erlendu dómara næsta sumars, búið að kaupa farseðla og bóka gistingu.
5. Heimild er fyrir því að leggja 1000 króna bráðargjald á veiðiprófin, til þess að standa undir kostnaði við að kaupa bráð, stjórn ákveður að byrja með að leggja 500 króna bráðargjald á hvert veiðipróf (verður þá 1000 krónur í tvöföldu prófunum).
6. Ákveðið að leggja til að stofnuð verði heimasíðunefnd, hún er hugsuð sem stuðningur við versíðustjórnann.
7. Farið yfir dagskrá göngu- og skemmtinefndar og hún samþykkt.
8. Farið fyrir reikninga deildarinnar.
9. Önnur mál :
  - a. Ákveðið að halda fund með öllum prófstjórum deildarinnar og fara yfir hlutverkið og heyra í þeim
  - b. Ákveðið að halda fund með nefndum deildarinnar þegar ný stjórn hefur tekið við
  - c. Ákveðið að biðja fólk að auglýsa ekki veiðinámskeið á síðunni þar sem einn af styrktaraðilum deildarinnar er hundaskóli sem býður upp á slík námskeið.

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði GG.